

Mánudaginn 25. September,
kl. 16:00
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mætt eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM).

Fundardagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt
2. Innsent erindi frá Rósu Gísladóttur
 - Erindi frá Rósu Gísladóttur tekið fyrir. Erindi hafnað á þeim forsendum að ekki eru veittir styrkir til verkefna sem er lokið fyrir settan umsóknarfrest.
3. Afgreiðsla á seinni úthlutun myndlistarsjóðs 2023
 - Matsnefndir hafa lokið störfum.
 - Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum voru: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Katrín Elvarsdóttir og Hlynur Helgason. Aðrir nefndarmenn voru Unnar Örn og Ynda Eldborg.
 - Niðurstöður matsnefndar um styrki til sýningarverkefna kynntar. Alls bárust 103 umsóknir og sótt var um samtals 110.800.000 kr. Matsnefnd leggur til að 31 sýningarverkefni hljóti styrk fyrir alls 16.900.000 kr.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir undirbúningsstyrki annarsvegar og útgáfa-, rannsóknar- og aðrir styrkir hinsvegar kynntar. Alls bárust 37 umsóknir fyrir undirbúningsstyrk og sótt var um samtals fyrir 43.800.000 kr. Matsnefnd leggur til að sjö verkefni hljóti undirbúningsstyrk fyrir 5.500.000 kr. Alls bárust 26 umsóknir fyrir útgáfa-, rannsóknar- og aðrir styrkir og sótt var um samtals fyrir 40.400.000 kr. Matsnefnd leggur til að sjö verkefni hljóti útgáfa-, rannsóknar- og aðra styrki fyrir 3.700.000 kr.
 - Myndlistaráð samþykkir niðurstöður matsnefnda og úthlutar 26.100.000 kr í seinni úthlutun 2023.

Samtölur – myndlistarsjóður seinni úthlutun 2023							Árangurshlutfall	
Umsóknir alls	Flokkar	Samtals sótt um	%	Styrk-hafar	Úthlutað	%	Upp-hæðir	Um-sóknir
26	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	40.400.000	21%	7	3.700.000	14%	9%	27%
37	Undirbúningsstyrkir	43.800.000	22%	7	5.500.000	21%	13%	19%
103	Sýningarverkefni	110.800.000	57%	31	16.900.000	65%	15%	30%
166		195.000.000	100%	45	26.100.000	100%	13%	27%

4. Fjárlög 2024

- Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2024, sem var kynnt á dögunum er myndlistarsjóður 94,2 milljónir.
- Fjárhagsáætlun fyrir 2024 er í vinnslu og verður kynnt í lok árs.

5. Önnur mál

- Ákveðið að seinka nóvember fundi til mánudagsins 13. nóvember kl. 15:00. Einnig ákveðið að seinka þar næsta fundi til föstudagsins 8. desember kl. 13:00.
- Rætt um mögulega staði til að halda Íslensku myndlistarverðlaunin.

Fundi slitið kl. 17:25